

**Ed.**

## **702. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samsiglingu íslenskra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta ýtarlega á tveimur fundum og kallað til sín til viðræðna fulltrúa allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Kom skýrt fram, að þeir voru ekki sammála um frumv. eins og það lá fyrir né reglugerðina, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu. Að afstöðnum þeim umræðum reyndi nefndin að komast að samkomulagi um breytingar, sem þó ekki tókst, og skila því undirritaðir nefndarmenn meirihlutaáliti, en GÍG minnihlutaáliti.

Öll nefndin var þó sammála um, að eðlilegt og rétt væri, að sett væri í lög nokkuð af þeim ákvæðum, sem gert er ráð fyrir, að skipað sé með reglugerð, svo sem það, hvernig og undir hvaða kringumstæðum skuli veita undanþágur frá samsiglingu skipa, svo og hverjir skuli hafa úrskurðarvald um það atriði, þótt ágreiningur nefndarinnar yrði hins vegar um endanlega skipun þeirra mála, þar sem minni hlutinn vildi halda fast við, að þessum málum yrði skipað á líkan hátt og gert er ráð fyrir

í 11. gr. reglugerðarinnar, en meiri hlutinn hins vegar á þann hátt, sem fram kemur í tillögum hans um breytingar á 2. gr. frv. Telur meiri hlutinn, að á þann hátt sé hvort tveggja tryggt, að lögin komi að tilætluðum notum og útgerðinni þó eigi íþyngt um of með lögunum, svo að hún af þeim ástæðum yrði að dragast saman á ýmsum stöðum á landinu.

Meiri hluti nefndarinnar vill taka það fram, að hann leggur áherzlu á, að ríkisstjórnin taki upp í hina nýju reglugerð 2., 3. og 4. gr. úr reglugerð þeirri, sem birt er með frumvarpinu.

Með tilvísun til ofanritaðs leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Í stað 1.—2. gr. frv. koma fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
  - a. (1. gr.) Öll íslensk skip, sem sigla með ísvarinn fisk milli Íslands og Stóra-Bretlands, skulu sigla í samflota báðar leiðir, tvö eða fleiri saman. Þó er heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, ef upplýst er, að ekkert samþærilegt skip geti komið til greina til samfylgdar að dómi þeirra manna, sem falið er úrskurðarvald í þessum málum samkv. 2. gr.
  - b. (2. gr.) Ráðuneytið skipar 2 menn og 2 til vara fyrir hverja þá höfn á landinu, sem gefið er út siglingarleyfi til Stóra-Bretlands, er hafi eftirlit með þessum málum og fullt úrskurðarvald um það, hvort og á hvaða hátt skuli leyfð undanþága um samsiglingar samkvæmt 1. gr. Skal annar skipaður samkvæmt tillögu stéttarfélaganna sjómanna á hverjum stað, en hinn samkvæmt tillögum frá stéttarfélagum útgerðarmanna, eða útgerðarmönnum, ef ekkert slíkt stéttarfélag er til á staðnum.

Eftirlitsmenn skulu skyldir að sjá um, að lögunum sé framfylgt. Úrskurð um undanþágur skulu þeir gefa svo fljótt sem unnt er og gæta þess í hvivetna, að útgerðinni sé eigi bakaður kostnaður meira en nauðsynlegt er, án þess þó að veikja öryggi um siglingar.

Ef eigi er fullt samkomulag eftirlitsmanna um úrskurð, kalla þeir til lög-reglustjóra staðarins sem oddamann. Þó má aldrei fella úrskurð um, að skipi skuli leyft að sigla einskipa gegn mótmælum skipshafnarinnar.
  - c. (3. gr.) Skipum, sem eru í samsiglingu, er skylt að haga siglingu þannig, að þau séu ávallt í námunda hvort við annað, nema stórviðri eða dimmviðri hamli.
  - d. (4. gr.) Ákvæði þessi gilda og um öll erlend skip, ef þau eru leigð eða gerð út af íslenskum aðilum og starfrækt með íslenskri áhöfn.
2. 3.—4. gr. frv. verða 5.—6. gr.
3. Þá koma 2 nýjar greinar, sem verða 7.—8. gr., svo hljóðandi:
  - a. (7. gr.) Jafnskjótt og ástandið breytist þannig, að eftirlitsmenn telji einróma ástæðulaust að hafa samsiglingu skipa, getur ráðuneytið gefið út almennar undanþágur frá lögunum, þar til þau verða numin úr gildi.
  - b. (8. gr.) Ráðuneytið setur nánari reglugerð um framkvæmd þessara laga.
4. 5. gr. verður 9. gr.

Alþingi, 9. apríl 1943.

Gísli Jónsson,      Ingvar Pálmason.  
form., frsm.